

## Fundargerð aðalfundar Skógfræðingafélags Íslands á Hallormsstað þriðjudagskvöldið 12. mars 2013

Fundinn sóttu 33 skógfræðingar þar af voru 17 með próf frá Landbúnaðarháskóla Íslands en 16 með menntun frá erlendum Háskólum.

Fundur settur kl. 20:45

Formaður félagsins Lilja Magnúsdóttir setti fund og minntist Sigvalda Ásgeirssonar sem lést laugardaginn 9. mars 2013. Hún bað fundarmenn að rísa úr sætum og minnst hans í þögn. Hún skýrði frá því að Sigvaldi lést á heimili sínu skömmu fyrir símafund stjórnar vegna undirbúnings aðalfundar.

Formaður vísaði í sjöttu grein laga félagsins og bað fundinn að kjósa fundarstjóra og fundarritara. Þorbergur Hjalti Jónsson valinn fundarritari og Einar Gunnarsson var kjörinn fundarstjóri og tók við fundarstjórn.

Gengið var til dagskrár. Fræðsluerindi Jóns Geirs Péturssonar var fyrst á boðaðri dagskrá en féll niður þar sem hann komst ekki til fundar.

Dagskrá:

1. Stjórn félagsins gefur skýrslu um störf á liðnu ári.
2. Nefndir og ráð félagsins gefa skýrslur um störf á liðnu ári.
3. Reikningar stjórnar, nefnda og sjóða með fjárumsvif lagðir fram til samþykktar.
4. Árgjald ákveðið til eins árs.
5. Laga- og reglugerðarbreytingar
6. Stjórnarkjör
7. Kjörið í námsmatsnefnd og til annarra trúnaðarstarfa
8. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga
9. Áætlun um störf næsta árs
10. Ályktanir aðalfundar Skógfræðingafélags Íslands
11. Önnur mál

### 1. Stjórn félagsins gefur skýrslu um störf á liðnu ári

Lilja Magnúsdóttir flutti skýrslu stjórnar. Í máli hennar kom fram að frá síðasta aðalfundi hefur stjórn félagsins haldið þrjá stjórnarfundum. Sighvatur Þórarinnsson varamaður sat síðasta fund. Stjórn var því fullskipuð á fundinum eins og lög félagsins mæla fyrir um þrátt fyrir fráfall Sigvalda Ásgeirssonar. Heimasíða félagsins var enduroppnuð og sér Bjarni Diðrik Sigurðsson um hana. Skipuðu var ritnefnd sem í sitja Brynjar Skúlason (formaður), Björgvin Eggertsson, Lilja Magnúsdóttir, Þröstur Eysteinnsson og Bjarni Diðrik Sigurðsson (umsjónarmaður heimasíðu). Þröstur Eysteinnsson og Björn Bjarndal hafa tekið að sér að skrifa um skógrækt í Bændablaðið. Lilja skýrði frá ráðstefnu um gróðurelda sem haldin var í Borgarfirði og áformaða ráðstefnu um sama efni efni en á forsendum skógræktar sem félagið mun eiga aðild að. Ráðstefnan verður í miðjum maí og þar fjallað um áætlun um bruna og neyðarvarnir fyrir alla skóga landsins. Staðsetning í

Rvík upp úr miðjum maí. Félagið gerði alvarlegar athugasemdir við frumvarp til laga um náttúruvernd (Þingskjal 537 — 429. mál., Lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013). Stjórn félagsins óskaði eftir fundi með umhverfis og samgöngunefnd Alþingis til að ræða athugasemdir félagsins. Til fundar fór Valdimar Reynisson ásamt Aðalsteini Sigurgeirssyni fyrir hönd félagsins en einnig mættu þeir Brynjólfur Jónsson og Magnús Gunnarsson frá Skógræktarfélagi Íslands. Í engu hefur verið tekið tillit til athugasemda frá skógfræðingafélaginu. Stjórnin sendi t-póst til allra nemenda í skógfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands og bauð þeim aukaaðild að félaginu og hafa 10 nemendur óskað eftir aukaaðild. Formaður ræddi að lokum um faggildingu starfsheitisins skógfræðingur en það mál var m.a. rætt á aðalfundi félagsins á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Verið er að kanna hvað þurfi til að faggilding fái.

## 2. Nefndir og ráð félagsins gefa skýrslur um störf á liðnu ári.

Þorbergur Hjalti Jónsson flutti skýrslu námsmatsnefndar. Í námsmatsnefnd sátu þau Þorbergur Hjalti Jónsson (formaður), Einar Gunnarsson og Raket J Jónsdóttir. Engin umsókn um aðild að félaginu barst nefndinni á árinu og nefndin kom því ekki saman til fundar.

Bjarni D. Sigurðsson gerði grein fyrir starfi endurmenntunarnefndar. Hann sagði m.a. frá hugmynd um að Karsten Schröder frá Göttingen í Þýskalandi kæmi með fræðslunámskeið fyrir félagið. Björgvin Eggertsson sagði frá námskeiðum Landbúnaðarháskóla Íslands sem geti hentað skógfræðingum. Þröstur Eysteinnsson sagði að eftir hrun hafi ferðir starfsmanna Skógræktar ríkisins á vísindaráðstefnur erlendis fallið niður nema í þeim tilvikum að styrkur fyrir ferðakostnaði hafi fengist erlendis frá. Hann benti á að skógfræðingar missi af nýjustu þekkingu ef þeir fari ekki á fagráðstefnur erlendis. Það snúi að okkur að halda því að vinnuveitendum að þegar hagur fer að vænkast þurfi að leyfa starfsmönnum að fara á ráðstefnur á þeirra fagsviði. Bjarni D Sigurðsson sagði frá því að hann, Edda Oddsdóttir og Brynhildur Bjarnadóttir halda í haust opna norræna ráðstefnu um skógfræði og skógvistkerfi á Reykjum. Félagið fái að tengjast þessari ráðstefnu. Björn B. Jónsson sagði frá ferðum íslensks fagfólks til útlanda á námskeið styrkt af Leonardo-samstarfi Evrópusambandsins. Lagði til að félagið taki þátt í umsóknum um styrki í sjóði Leonardo. Nú er áhugi á 4-5 daga kynningu í janúar á næsta ári. Lilja Magnúsdóttir sagði frá cost verkefni (Non Forest Products). Þetta er þekkingarver- og tengslaverkefni.

## 3. Reikningar stjórnar, nefnda og sjóða með fjárumsvif lagðir fram til samþykktar

Valdimar Reynisson lagði fram reikninga félagsins fyrir árið 2012. Útgjöld eru óveruleg og engin á mörgum liðum. Félagið skuldar ekkert og eigið fé í árslok var kr. 257.450. Böðvar Guðmundsson skoðunarmaður reikninga félagsins.

Björn B. Jónsson minnti á að fyrir nokkrum árum myndaðist Gunnarssjóður Freysteinnssonar eftir fráfall hans langt um aldur fram. Gerður var minningarlundur í Haukadal en nota átti eftirstöðvar til endurmenntunar fyrir skógfræðinga.

Else Møler benti á mismun upp á kr. 400 í framlögðum reikningum. Reikningar félagsins voru bornir upp til atkvæða og samþykktir mótaskvæðalaust.

## 4. Árgjald ákveðið til eins árs

Lögð var fyrir fundinn tillaga stjórnar um að árgjald veri óbreytt og var tillagan samþykkt mótaskvæðalaust.

## 5. Laga- og reglugerðarbreytingar

Lilja Magnúsdóttir kynnti tillögur stjórnar að lagabreytingum. Tillögurnar ásamt aðalfundarboði voru sendar félagsmönnum í t-pósti 22.2.2013. Á fyrri aðalfundum hafa ýmsar breytingar verið ræddar en ekki afgreiddar. Stjórnin leggur til eftirfarandi breytingar á 1., 4., 6. og 12. grein laga félagsins (Lög Skógfræðingafélags Íslands):

### 1. grein

Greinin er nú: „Nafn félagsins er Skógfræðingafélag Íslands. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.“ En 1. grein verði þannig: „Nafn félagsins er Skógfræðingafélag Íslands. Heimili þess og varnarþing er á Selfossi.“

### 4. grein

Greinin er nú: „... tilkynnir umsækjanda afgreiðslu sína skriflega og sendir stjórn félagsins afrit af tilkynningunni. Þegar félagsmaður fer á eftirlaun verður hann heiðursfélagi í Skógfræðingafélagi Íslands. Heiðursfélagar halda öllum félagslegum réttindum. \* \* Eingöngu aðalfélagar í félaginu eru kjörgengir í stjórn og önnur trúnaðarstörf á vegum félagsins.“ Við 4. grein laganna inni síðustu málsgrein bætist við setningin: \* Ennfremur er stjórn félagsins heimilt að bjóða skógfræðingum á eftirlaunaaldri heiðursaðild að félaginu. \*

### 6. grein

Greinin er nú: „Aðalfundur hefur úrskurðarvald í öllum málefnum félagsins. Formaður stjórnar fundi nema óskir komi fram um annað.“ Í fyrstu málsgrein verði önnur setningin svohljóðandi: „Formaður setur fund og stýrir kosningu fundarstjóra og fundarritara.“

### 12. grein

Greinin er nú: „Í félaginu skal starfa 3 manna námsmatsnefnd. Úr nefndinni skulu tveir menn ganga annað hvort ár eftir starfsaldri eða hlutkesti ef starfsaldur er jafn. Nefndin kys sér formann. Kjörtímabil nefndarinnar er tvö ár. Hlutverk nefndarinnar er að afla ...“

12. grein breytist og hljóði þannig: „Í félaginu skal starfa 3 manna námsmatsnefnd. Úr nefndinni skulu tveir menn ganga annað hvort ár eftir [starfsaldri í nefndinni] eða hlutkesti ef starfsaldur er jafn. Úr nefndinni skal einn maður ganga á hverju ári, þ.e. sá sem hefur lengstan starfsaldur. Ef starfsaldur er jafn skal varpað hlutkesti. Nefndin kys sér formann. Kjörtímabil nefndarinnar er tvö ár. Kjörtímabil hvers nefndarmanns er þrjú ár. Hlutverk nefndarinnar ...“

Formaður fór yfir framlagða tillögu stjórnar og benti á í sambandi við 1. grein að eðlilegast væri að heimili og varnarþing félagsins verði á selfossi þar sem félagið skráð með kennitölu. Böðvar Guðmundsson benti á að miða skyldi við starfsaldur í nefndinni en ekki starfsaldur sem væri óskýrt orðalag. Nokkur umræða var um ákvæði um fundarstjórn í lögnum.

Lagabreytingatillögurnar voru bornar undir atkvæð hver fyrir sig.

1. grein samþykkt mótatkvæðalaust

4. grein samþykkt mótatkvæðalaust

6. grein samþykkt mótatkvæðalaust

12. grein var borið upp með orðalagsbreytingu Böðvars Guðmundssonar og samþykkt þannig mótatkvæðalaust.

Arnór Snorrason lagði til að stjórn sendi félagsmönnum nýsamþykkt lög félagsins. Formaður hét því.

## 6. Stjórnarkjör

Stjórn var kjörin til tveggja ára á aðalfundi 2012 og því er ekki kjör stjórnar á dagskrá aðalfundar á þessu ári. Lilja Magnúsdóttir fór yfir stöðu stjórnarkjörs að þessu sinni. Vegna fráfalls Sigvalda Ásgeirssonar sem var aðalmaður í stjórn þarf að kjósa mann í stjórn. Sighvatur Þórarinsson var varamaður og verður því aðalmaður en kjósa þarf nýjan varamann. Núverandi stjórn er skipuð Vestfirðingum og Vestlendingum. Hún stakk upp á Bergsveini Þórssyni sem varamanni í stjórn. Taldi hún eðlilegt að velja Norðlending þar sem stjórnin flytti á Norðurland á næsta aðalfundi. Spurt var um önnur framboð en engin gaf sig fram. Bergsveinn var síðan réttkjörinn varamaður í stjórn.

## 7. Kjörið í námsmatsnefnd og til annarra trúnaðarstarfa

Þorbergur Hjalti Jónsson biðst undan kjöri í námsmatsnefnd. Bergsveinn Þórsson spurði um þær reglur sem fylgt væri við inntöku í félagið og hvort námsmatsnefnd væri nauðsynleg. Þorbergur fór yfir að gerð er krafa um að skógfræðingur hafi staðist próf í tilteknum námsgreinum á háskólastigi. Bjarni D. Sigurðsson benti á að reglurnar væru á heimasíðu félagsins. Lilja Magnúsdóttir áréttaði að faglegur inntökuferill og námsmat væri nauðsynlegt ef félagið sækti eftir faggildinu starfsheitisins skógfræðingur. Agnes Brá Birgisdóttir bætti við að skógfræðigráða ekki þekkt faggráða og því mikilvægt að námið sé tekið gilt. Bjarni D. Sigurðsson ræddi að það þarf að vera aðili til að veita faglegt aðhald. Hann nefndi að Landbúnaðarháskóli Íslands noti fagkröfur félagsins við mótun skógfræðináms. Björn B. Jónsson tók undir að mikilvægt væri að halda nefndinni gangandi.

Bjarni D. Sigurðsson stakk upp á Hreini Óskarssyni sem nefndarmanni í Námsmatsnefnd í stað Þorbergs Hjalta og var tilnefningin samþykkt með lófaklappi.

Bjarni D. Sigurðsson óskaði eftir að víkja úr endurmenntunarnefnd. Óskað var eftir tilnefningum. Stungið var uppá að fyrri stjórn yrði kjörin í nefndina. Aðalsteinn Sigurgeirsson, Arnór Snorrason og Brynjólfur Jónsson voru kjörnir í Endurmenntunarnefnd með lófaklappi.

Formaður sagði að ritnefnd félagsins væri stjórnarskipuð og kæmi því ekki til atkvæða.

## 8. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga

Böðvar Guðmundsson og Bjarna Diðrik Sigurðsson voru kjörnir endurskoðunarmenn reikninga.

## 9. Áætlun um störf næsta árs

Lilja: Skrifa í bændablaðið, umfjöllun um menntun okkar. Koma að kostnaði við námskeiðahald, koma að málþingi um brunavarnir, minningarsjóður Gunnars Freysteinssonar höfum ekki sett okkur í þau mál. Þurfum að gera bragarbót á. Reyna að koma á skógardegi. Minnast fallinna féлага. Með hvaða hætti er till umræðu. Við erum fá og dreifð og hittingsar af hinu góða. [Valdi og Sighvatur og Lilja aðalmenn í stjórn].

## 10. Önnur mál

### Tillögur stjórnar að ályktunum aðalfundar

Formaður lagði fram þrjár tillögur stjórnar að ályktunum fundarins auk þess að endurflytja tvær ályktanir sem samþykktar voru á síðasta aðalfundi félagsins. Formaður lagið einnig fram tvær ályktanir sem samþykkt var á síðasta aðalfundi um að: 1. skógfræðingar þurfi að gera skógræktaráætlanir til að þær teljast gildar og 2. sveitarfélög þurfi að fela skógfræðingi að yfirfara skógræktaráætlanir.

Bjarni D. Sigurðsson lýsir stuðningi við allar tillögurnar bæði þær þrjár nýju og tvær endurfluttar. Miklar umræður urðu um tillögurnar og orðalag þeirra. Arnlín Óladóttir benti á að það geti verið erfitt að gera kröfur um að skógfræðingar vinni og yfirfari skógræktaráætlanir ef ekki er skilgreining í lögum um starfsréttindi skógfræðinga. Þröstur Eysteinnsson ræddi þann vanda sem felst í ályktun um að Alþingi taki tillit til ábendinga skógargeirans við setningu nýrra náttúruverndarlaga. Það sé grundvallarágreiðingur um málið þannig að ný lög þurfi að semja frá grunni til að koma til móts við ábendingarnar. Bergsveinn Þórsson lagði til að hver tillaga verði tekin fyrir sig, rædd og sett í atkvæði og var það gert.

Ályktun 1: Töluverðar umræður urðu um orðalag í greinargerð með tillögu stjórnar að fyrstu ályktun fundarins. Með breytingum á orðalagi var tillagan lögð í atkvæði fundarins og samþykkt mótatkvæðalaust:

*Aðalfundur Skógfræðingafélags Íslands, haldinn að Hallormsstað 12. mars 2013 samþykkir að fela stjórn félagsins að vinna að löggildingu starfsheitisins skógfræðingur og koma þeirri löggildingu inn í lög um skógrækt sem unnið er að í Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um þessar mundir.*

Greinargerð: Skógfræðingar hafa með menntun sinni yfirgripsmikla og alhliða þekkingu á skógum. Í því felst þekking á uppbyggingu auðlinda, sjálfbærni, umhverfisvernd, skipulagi, áætlanagerð, umsjón og stjórnun. Því er brýnt að tryggt sé að sú þekking nýtist við þær aðstæður þar sem þörf er á, svo sem við skipulagsvinnu í skógræktaráætlunum á öllum stigum og í annarri vinnu þar sem þörf er talin á aðkomu sérfræðinga í málaflokknum.

Ályktun 2: Eftir allmiklar umræður og breytingar á orðalagi var önnur tillaga stjórnar borin undir fundinn og samþykkt mótatkvæðalaust:

*Aðalfundur Skógfræðingafélags Íslands, haldinn að Hallormsstað 12. mars 2013 skorar á Alþingi að taka til greina ábendingar skógargeirans sem komið hafa fram við frumvarp til laga um náttúruvernd, þingskjal nr. 429, og vinna frumvarpið betur í samræmi við þær.*

Ályktun 3: Eftir umræður og orðalagsbreytingar var tillaga stjórnar lögð fyrir fundinn og samþykkt mótatkvæðalaust.

*Aðalfundur Skógfræðingafélags Íslands, haldinn að Hallormsstað 12. mars 2013 skorar á umhverfis- og auðlindaráðherra að beita sér fyrir setningu nýrra skógræktarlaga. Mjög brýnt er að sem allra fyrst verði sett lög um skógrækt og taki þau til nýrra aðstæðna í greininni, jafnt ræktunarlega og atvinnulega séð.*

Greinargerð með tillögunni: Starfshópur á vegum ráðuneytisins skilaði af sér greinargerð með tillögum að efni nýrra skógræktarlaga síðasta sumar auk þess sem nefnd á vegum ráðuneytisins skilaði af sér "Skýrsla um skóga á Íslandi, stefna á 21. öld" í janúar síðastliðnum. Núverandi skógræktarlög voru sett árið 1955 og stýttist því í 60 ára afmæli þeirra. Það er löngu orðið tímabært að lög um skógrækt á Íslandi verði endurnýjuð í takt við breyttar aðstæður. Umhverfi skógræktar hefur breyst verulega mikið á þessum nærri 60 árum og þörf er orðin á að lagarammi skógræktar fylgi þeim breytingum til að stuðla að áframhaldandi öflugri uppbyggingu skógarauðlindar á Íslandi.

Formaður dró til baka endurframlagðar ályktanir frá síðasta aðalfundi. Stjórn félagsins mun skoðar þessar tillögur nánar fyrir næsta aðalfund.

### **Alþjóðlegur dagur skóga 21. Mars**

Þröstur Eysteinnsson minnti skógfræðinga á að 21. Mars er alþjóðlegur dagur skóga með samþykkt allsherjarþings sameinuðu þjóðanna. Engin tillaga hefur enn komið fram um það hvernig halda skuli upp á daginn hér á landi. Ef halda á upp á þennan dag þá þarf skógræktargeirinn að leiða starfið. Björgvin Eggertsson benti á að í Finnlandi er skólabörnum boðið í skógana. Agnes Brá Birgisdóttir tók undir að fræðsla væri lykilatriði og þá að fræða krakkana. Þröstur lagði til að félagið skipaði starfshóp um skógadaginn.

Formaður lagði fyrir fundinn tillögu um að stjórn og ritnefnd félagsins skipi starfshóp um skógadaginn 21. Mars. Tillagan var samþykkt einróma.

### **Orðanefnd skógfræðinga**

Arnín Óladóttir lagði til að skógfræðingafélagið kæmi sér upp orðanefnd og hafa mætti orðanefnd Verkfræðinga að fyrirmynd. Nokkur umræða varð um tillöguna en hún var ekki borin undir atkvæði fundarins.

Formaður sleit fundi: 23:34